

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður mánudaginn 8. júní 2026.

Mál nr. 461/2026:

## Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson saksóknari)

gegn

X

(Bjarni Hauksson lögmaður)

## Lykilorð

Kærumál. Gæsluvarðhald. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008.

## Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem X var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Eiríkur Jónsson og Jón Höskuldsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 5. júní 2026 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 2026 í málinu nr. R-[...]/2026 þar sem varnaraðila var gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. desember 2026 klukkan 15. Kæruheimild er í lið 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

## Niðurstaða

- Í greinargerð varnaraðila til Landsréttar kemur fram að hann hyggist ekki áfrýja dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 26. maí 2026 í máli nr. S-6386/2025.
- Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur, þó þannig að gæsluvarðhaldi verður markaður sá tími sem í úrskurðarorði greinir.

## Úrskurðarorð:

Varnaraðili, X, sæti áfram gæsluvarðhaldi til föstudagsins 26. júní 2026, klukkan 16.

## Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. júní 2026

Mál þetta var þingfest og tekið til úrskurðar 5. júní 2026.

Sóknaraðili er Héraðssaksóknari.

Varnaraðili er X, kt. [...].

### Dómkröfur

Þess er krafist að X, kt. [...], sæti áframhaldandi gæsluvarðhaldi á meðan á áfrýjunarfresti skv. 199. gr. stendur eða á meðan mál hans er til meðferðar fyrir æðri dómi uns endanlegur dómur gengur þó eigi lengur en til föstudagsins 4. desember 2026, kl. 16:00.

### Málsatvik

Í greinargerð sóknaraðila er atvikum lýst svo: Í málinu er varnaraðila gefið að sök nauðgun og kynferðisbrot gegn barninu A kt. [...] (brotþola) á leikskólanum [...].

Upphaf þessa máls má rekja til þess að þriðjudaginn 12. ágúst hafði móðir brotþola samband við lögreglu og greindi frá meintu kynferðisbroti. Hafði hún sótt brotþola í leikskólann fyrr um daginn og á heimleiðinni hafi brotþoli sagt frá því að „svolítið skrýtið“ hefði átt sér stað í leikskólanum. Greindi brotþoli meðal annars frá því að fyrr um daginn, á salerni leikskólans, hefði varnaraðili sett „punginn í píkuna hennar í leikskólanum“.

Sama dag, kl. 20:55, var varnaraðili handtekinn og færður á lögreglustöð. Í skýrslutöku sama kvöld var varnaraðili spurður út í samskipti sín við brotþola og sagðist hann hafa hjálpað henni á salerninu. Aðspurður um ummæli brotþola um að hann væri með [...] sagði varnaraðili í fyrstu hana hafa séð hann pissa á salerni starfsmanna þegar hann hafi gleymt að læsa að sér. Varnaraðili greindi síðan frá því að hann hefði tekið brotþola upp þar sem hún var buxnalaus, snúið henni við þannig hún snéri rassinum að klofi hans og hafi hann gert „hump“ hreyfingar í nokkrar sekúndur. Hann breytti síðan frásögninni á þá leið að hann hafi bæði dregið niður buxur sínar og buxur brotþola, tekið hana upp þannig hann hélt um mjöðm hennar með annarri hendi og undir bringu hennar með hinn, sett brotþola við kynfæri sín þannig að getnaðarlimur hans var að milli læra brotþola og viðhaft samfarahreyfingar. Er frásögn varnaraðila talin í samræmi við frásögn brotþola í Barnahúsi.

Varnaraðili hefur í skýrslutökum hjá lögreglu ítrekað lýst framangreindu atviki með sama hætti. Í skýrslutöku hjá lögreglu þann 13. október sl. játaði varnaraðili að hafa áður brotið gegn brotþola. Skýrði varnaraðili svo frá málavöxtum, að fyrir fyrrgreint atvik, hefði brotþoli verið sofandi í hvíldarherbergi leikskólans og varnaraðili þá dregið niður um hana buxurnar og sett getnaðarlim sinn á milli læra hennar og viðhaft samfarahreyfingar.

Þann 3. nóvember 2025 gaf embætti Héraðssaksóknara út ákæru á hendur varnaraðila vegna framangreindra brota. Við þingfestingu málsins, sbr. mál héraðsdóms nr. S-6386/2025, þann 12. nóvember sl. játaði varnaraðili brot samkvæmt fyrri ákærulið þótt hann gerði athugasemd við heimfærslu brotsins en hann neitaði sök varðandi síðari ákærulið samkvæmt ákæru. Telur sóknaraðili hvort um sig fela í sér breytan framburð frá framburði hans hjá lögreglu.

Við þingfestingu óskaði varnaraðili eftir dómkvaðningu matsmanns til að meta sakhæfi og hvort refsing væri talin bera árangur í tilfalli varnaraðila. Í kjölfar framlagningar matsgerðar matsmanns, sem taldi

varnaraðila sakhæfan og að refsing talin bera árangur, gerði varnaraðili kröfu um dómkvaðningu yfirmatsmanna. Yfirmatsmenn skiluðu matsgerð sinni 12. mars sl. og komust að sömu niðurstöðu og undirmatsmaður.

Aðalmeðferð málsins fór fram 28. apríl sl. og féll dómur í málinu þann 26. maí sl., þar sem varnaraðili var sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga og hlaut hann þriggja ára fangelsi. Dómurinn er ekki fullnustuhæfur.

## Lagarök

Í greinargerð er krafa sóknaraðila rökstudd þannig:

Varnaraðili hefur sætt óslitið gæsluvarðhaldi frá 13. ágúst sl. Nú síðast með úrskurði Héraðsdómi Reykjavíkur í máli R-[...]/2026 á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga um meðferð sakamála.

Að mati sóknaraðila þykir varnaraðili enn undir sterkum grun um að hafa brotið gegn brotaþola með fyrrgreindum hætti. Dómstólar hafa margítrekað fjallað um það hvort skilyrði almannagæslu séu uppfyllt í máli varnaraðila og er það mat þeirra að svo sé. Hefur Landsréttur m.a. í þrigang staðfest að skilyrðum 2. mgr. 95. gr. sml. sé fullnægt. Telur sóknaraðili að ekkert hafi komið fram í málinu sem breytt getur þessu mati Landsréttar.

Að mati sóknaraðila þykja brot varnaraðila vera þess eðlis að það sé sérstaklega alvarlegt og óforsvaranlegt að hann gangi laus eins og sakir standa. Byggt er á því að gæsluvarðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna með vísan til alvarleika brotsins. Er það mat sóknaraðila að gangi varnaraðili laus myndi það misbjóða réttlætiskennd almennings og til þess fallið að valda hneykslun og óróa í samfélaginu að aðili, sem sterklega er grunaður um svo alvarlegt kynferðisbrot gagnvart barni, gangi laus áður en máli hans er lokið með dómi. Hefur í dómaframkvæmd ítrekað verið lagt til grundvallar að ríkir almannahagsmunir standi til þess að menn sem sterklega eru grunaðir um viðlíka brot gangi ekki lausir.

Með hliðsjón af framansögðu, rannsóknargögnum málsins og dóms Héraðsdóms í máli nr. S-6386/2025, er það mat sóknaraðila að varnaraðili sé undir sterkum grun um að hafa framið gróf kynferðisbrot gegn brotaþola sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi eða meira, sbr. 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008.

Með vísan til framangreinds, 2. mgr. 95. gr. og 3. tl. 1. mgr. 97. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 krefst sóknaraðili að framangreind krafa verði tekin til greina, eins og hún er fram sett.

## Niðurstaða

Samkvæmt 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sem sóknaraðili styður kröfu sína um gæsluvarðhald varnaraðila við, má úrskurða sakborning í gæsluvarðhald þótt skilyrði a-d liða 1. mgr. 95. gr. laganna séu ekki fyrir hendi, leiki sterkur grunur á að hann hafi framið afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi, enda sé brotið þess eðlis að ætla megí varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

Fyrir liggur að varnaraðili var sakfelldur með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 26. maí sl. í máli nr. S-6386/2025 fyrir kynferðisbrot gegn barni sbr. 1. mgr. 194. gr. og 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot gegn þeim ákvæðum geta varðað refsingu allt að 16 árum en með nefndum

dómi var varnaraðila gert að sæta fangelsi í þrjú ár. Samkvæmt framansögðu er ljóst að skilyrði um refsiramma fyrir gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 er uppfyllt.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-6386/2025 sem og með vísan til framlagðra gagna málsins þykir að auki staðfest það skilyrði ákvæðis 2. mgr. 95. gr. að sterkur grunur leiki á því að hann hafi framið það brot sem hann hefur verið sakfelldur fyrir.

Eins og áður segir var framangreindur dómur kveðinn upp þann 26. maí sl. Samkvæmt því er áfrýjunarfrestur ekki liðinn og liggur ekki fyrir afstaða varnaraðila til áfrýjunar dómsins.

Af hálfu varnaraðila er kröfunni mótmælt. Vísaði verjandi til þess að í nefndum dómi hafi varnaraðili verið sýknaður af hluta ákæruliða og því þurfi að fara fram nýtt mat á því hvort brotið sé enn talið þess eðlis að ætla megi varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna.

Í dómaframkvæmd hefur verið lagt til grundvallar að ríkir almannahagsmunir standi til þess að menn sem sterklega eru grunaðir um alvarleg brot gegn ungum börnum gangi ekki lausir, sbr. m.a. úrskurð Landsréttar 23. ágúst 2018 í máli nr. 675/2018 og úrskurður réttarins 15. ágúst 2023 í máli nr. 608/2023. Að þessu virtu, vegna alvarleika þeirra brota sem varnaraðili hefur nú verið sakfelldur fyrir og eðlis brotanna, verður að telja verulegar líkur á því að það muni særa réttarvitund almennings og valda samfélagslegum óróa verði varnaraðili látinn laus á þessu stigi málsins. Þó svo að varnaraðili hafi verið sýknaður af hluta ákæruliða var hann samt sem áður sakfelldur fyrir slíkt brot að ætla megi varðhald nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna. Er því hafð yfir vafa að framangreint skilyrði 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um almannahagsmuni telst einnig vera uppfyllt, eins og atvikum málsins er háttað.

Varnaraðili hefur sætt gæsluvarðhaldi vegna málsins frá 13. ágúst 2025 og hefur Landsréttur ítrekað staðfest að skilyrði 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 hafi talist uppfyllt hvað kröfur sóknaraðila um gæsluvarðhald ákærða varðar, sbr. úrskurð Landsréttar 25. september 2025 í máli nr. 667/2025, úrskurð réttarins frá 22. október 2025 í máli nr. 721/2025 og eftir útgáfu ákæru sbr. úrskurð réttarins frá 5. nóvember 2025 í máli nr. 758/2025. Með úrskurði héraðsdóms 11. maí sl. í máli nr. R-[...]/2026, eftir þingfestingu máls ákærvaldsins gegn ákærða, var honum enn gert að sæta gæsluvarðhaldi á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laganna til 5. júní 2026.

Landsréttur hefur þannig ítrekað staðfest að skilyrði 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um að brot varnaraðila sé þess eðlis að ætla megi varðhald hans nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, sé uppfyllt í tilvikum varnaraðila. Ekkert hefur fram komið sem fær haggð niðurstöðum upptaldrá úrskurða og verður því, að undangengnu framangreindu sjálfstæðu mati dómsins, sbr. einkum dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli nr. 12369/86, 35. mgr. (Letellier gegn Frakklandi) enn fallist á kröfu sóknaraðila um að skilyrði 2. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 séu uppfyllt. Eins og áður segir er það mat dómsins að sýkna varnaraðila af hluta ákæruliða breyti ekki framangreindu mati enda liggja samt sem áður fyrir sakfelling varnaraðila fyrir alvarlegt kynferðisbrot gegn barni.

Þá geta ákvæði 3. og 4. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 ekki staðið í vegi fyrir áframhaldandi gæsluvarðhaldi varnaraðila.

Samkvæmt 1. mgr. 171. gr. laga nr. 88/2008 skal eftir föngum hraða meðferð sakamáls fyrir dómi. Brýnt er sömuleiðis að gæsluvarðhald vari ekki lengur en þörf krefur, sbr. 2. mgr. 97. gr. sömu laga. Ekki liggur fyrir hvort varnaraðili hyggist áfrýja niðurstöðu héraðsdóms og þykir rétt að fallast á kröfu sóknaraðila og marka gæsluvarðhaldi þann tíma sem í úrskurðarorði greinir.

Sigríður Rut Júlíusdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð**

Varnaraðili, X, kt. [...], skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til föstudagsins 4. desember 2026, kl. 15:00.